

Reykjavík, 14. mars 2018

R2018030005/12.8.4

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Kt. 420169-3889

**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um rafræna birtingu
álagningarskrár – 177. mál.**

Ríkisskattstjóri þakkar fyrir tölvupóst sem barst 2. mars 2018 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með tillögunni er lagt til „að fela fjármála- og efnahagsráðherra að hlutast til um rafræna birtingu árlegrar álagningarskrár skattfyrvalda um alla álagða skatta sem komi í stað núverandi skrár og verði aðgengileg allt árið uns ný skrá er birt.“

Ríkisskattstjóri er í stakk búinn til að hrinda rafrænni birtingu álagningarskrár í framkvæmd en bendir á að mikilvægt er að gæta meðalhófs við birtingu þeirra upplýsinga sem um ræðir sem og reglna um persónuvernd. Í því samhengi leyfir ríkisskattstjóri sér að vísa til sjónarmiða sem fram komu í tilkynningu frá Tölvunefnd hinn 13. júlí 1995. Þá bendir ríkisskattstjóri á að rafræn birting álagningarskrár í Noregi hefur tekið ýmsum breytingum frá því að hún var fyrst tekin upp og æskilegt væri að hafa hliðsjón af framkvæmd og þróun hjá norskum skattfyrvöldum verði af upptöku rafrænnar álagningarskrár hérlendis.

Að öðru leyti er um pólitíska ákvörðun er að ræða sem ríkisskattstjóri tekur ekki afstöðu til.

Vert er að taka fram að í síðustu málsgrein greinargerðar með þingsályktunartillögunni er ekki rétt að upplýsingar um álagðan fjármagnstekjuskatt birtist ekki í álagningarskrá. Hið rétta er að tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur eru lagðir saman og birtir í einu lagi sem tekjuskattar í ríkissjóð. Til að forðast misskilning af þessu tagi og til að auka gagnsæi um einstaka skatta í álagningarskrá mun fjármagnstekjuskattur sérstaklega verða tilgreindur í álagningarskrá 2018 og síðar.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Birgitta Arngrímsdóttir